

ÍSLANDSSJÓÐIR HF.

IS RÍKISSAFN – RÍKISSKULDABRÉF OG INNLÁN HS.
VERÐBRÉFASJÓÐUR

Útboðslýsing

Nóvember 2022

EFNISYFIRLIT

Tilkynning til fjárfesta	3
Upplýsingar um IS Ríkissafn - ríkisskuldabréf og innlán	4
Heiti, stofndagur, deildaskipting	4
Reglulegar skýrslur og reglur	4
Skattareglur	4
Birtingartími ársreiknings og árslutareiknings.....	4
Helstu einkenni hlutdeildarskírteina	4
Slit	4
Ráðstöfun tekna	4
Innlausnarréttur og lausafjárstyring	5
Virði hlutdeildarskírteina	5
Reglur um verðmat eigna	5
Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini	5
Þóknunir við kaup og sölu hlutdeildarskírteina	6
Umsjónarlaun til rekstrarfélags, þóknun vörsluaðila og annar kostnaður	6
Íslandssjóðir hf.	7
Starfskjarastefna Íslandssjóða - samantekt.....	7
Útvistuð verkefni	7
Forsvarsmenn Íslandssjóða hf.	8
Endurskoðendur Íslandssjóða hf.....	8
Vörsluaðili.....	8
Stefna um framkvæmd viðskiptafyrirmæla	9
Ýmsar upplýsingar	9
Markmið, Fjárfestingaraðferð, fjárfestingarstefna, eignasamsetning, árangur, áhættuþættir o.fl.	10
Markmið, fjárfestingaraðferð og fjárfestingarstefna	10
Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu	10
Traust verðbréf	10
Áætlaður meðallíftími eignasafns.....	10
Árangur	11
Ársávöxtun síðustu ára.....	11
Fyrir hvern er sjóðurinn?	11
Fjárfesting í afleiðum	11
Áhættuþættir sjóðsins.....	12
Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum	12
Reglur fyrir IS Ríkissafn – ríkisskuldabréf og innlán hs.	14
I. KAFLI - Heiti, tegund, deildaskipting og hlutverk	14
II. KAFLI - Rekstrarfélag.....	14
III. KAFLI - Markmið og fjárfestingarstefna	14
IV. KAFLI - Vörsluaðili	15
V. KAFLI - Þóknun rekstraraðila	15
VI. KAFLI - Heimild til markaðssetningar sjóðsins	16
VII. KAFLI - Ráðstöfun tekna, útgáfa, innlausnarvirði og innlausn	16
VIII. KAFLI - Samruni, slit, breyting á reglum	17

TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðsins **IS Ríkissafn – ríkisskuldabréf og innlán hs.** (hér eftir „IS Ríkissafn“ eða sjóðurinn) er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingarinnar af kostgæfni, sem og fylgiskjöl hennar. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóðsins með tilliti til væntinga um ávöxtun, eigin aðstæðna, ytri aðstæðna og áhættu sem í fjárfestingunni felst. Minnt er á að kaup á hlutdeildarskírteinum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestum er því sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættu sem er að finna í útboðslýsingunni.

Útboðslýsinguna skal á engan hátt skoða sem loforð til fjárfesta um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu Íslandssjóða hf. eða annarra.

Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum og verðbréfafyrirtækjum, við mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins sem fjárfestingarkosti.

Fjárfestum er bent á að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með hlutdeildarskírteini sjóðsins.

Útboðslýsing þessi er unnin í samræmi við lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og reglugerð nr. 970/2021 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og upplýsingagjöf. Útboðslýsingin er uppfærð a.m.k. einu sinni á ári.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf., kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, lýsir því hér með yfir að útboðslýsing þessi er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir og að í hana vanti engin mikilvæg atriði er áhrif geti haft á mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

Kópavogur, 28. nóvember 2022

Kjartan Smári Höskuldsson, framkvæmdastjóri

Stjórn Íslandssjóða hf.

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Kristján Björgvinsson

Sigurður B. Stefánsson

Sylvía Kristín Ólafsdóttir

UPPLÝSINGAR UM IS RÍKISSAFN - RÍKISSKULDABRÉF OG INNLÁN

Heiti, stofndagur, deildaskipting

Sjóðurinn heitir **IS Ríkissafn – ríkisskuldabréf og innlán hs., kt. 441208-9950**. Sjóðurinn er rekinn í formi hlutdeildarsjóðs og var stofnaður í nóvember 2008. Sjóðurinn starfar í einni sjóðsdeild.

Reglulegar skýrslur og reglur

Útboðslýsingin, útdráttur úr útboðslýsingu, upplýsingablað, ársreikningar og árshlutareikningar eru aðgengileg á vef Íslandssjóða, www.islandssjodir.is og liggja jafnframt frammi á skrifstofu Íslandssjóða hf., Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Reglur sjóðsins er að finna í þessari útboðslýsingu.

Skattareglur

Um skattlagningu hagnaðar af hlutdeildarskírteinum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Frekari skattlagning getur þó komið til. Íslandsbanki, vörsluaðili Íslandssjóða, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti skv. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Vakin skal athygli á því að skattameðferðin ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Um erlenda aðila gilda reglur þess ríkis sem viðkomandi hefur skattalegt heimilisfesti í. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðum.

Birtingartími ársreiknings og árshlutareiknings

Upplýsingar um sjóðinn birtast í ársreikningi og árshlutareikningi Íslandssjóða hf. Reikningsár er almanaksárið og skal ársreikningur birtur fyrir lok mars hvert ár og árshlutareikningur fyrir lok ágúst ár hvert.

Helstu einkenni hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteinishafar eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildar, sbr. 39. gr. laga nr. 116/2021. Íslandssjóðir hf. gefa út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðnum í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því. En óski eigandi ekki eftir útgáfu hlutdeildarskírteina fær hann í hendur skriflega kvittun fyrir eignarhlutdeild sinni í sjóðnum þar sem fram kemur kaupverð í íslenskum krónum, fjöldi hluta í sjóðnum og gengi á keyptum hlutum. Einingum í sjóðnum fylgir ekki atkvæðisréttur. Hlutdeildarskírteinishafar bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Verðgildi einnar einingar í sjóðnum var 1.000 við stofnun. Verðgildi einnar einingar breytist síðan í takt við ávöxtun.

Slit

Um við hverjar aðstæður megi ákveða að slíta sjóðnum og hvernig að því skuli staðið vísast til 12. gr. í reglum sjóðsins.

Ráðstöfun tekna

Sjóðurinn er vaxtarsjóður, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól. Ekki er greiddur arður af eignarhlutdeild í sjóðnum.

Innlausnarréttur og lausafjárstýring

Íslandssjóðum hf. er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á birtu innlausnarvirði (gengi) í sjóðnum, sjá nánar í kafla um tilhögun viðskipta hlutdeildarskírteina hér að neðan. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í sjóðnum óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðs er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóður staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun skal ekki vara lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og hlutdeildarskírteinishöfum og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Jafnframt skal frestun auglýst á vef Íslandssjóða.

Lausafjárstýring sjóðsins er undir eftirliti áhættustýringar Íslandssjóða. Sjóðstjórum ber að tryggja að það sé nægt laust fé og auðseljanlegar eignir á hverjum tíma til að geta staðið við innlausnir. Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða öðrum auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar.

Virði hlutdeildarskírteina

Innra virði sjóðsins er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum sjóðsins, svo sem við lánastofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Virði (gengi) hlutdeildarskírteina er innra virði sjóðsins deilt niður á heildarfjölda hlutdeildarskírteina.

Virði hlutdeildarskírteina sjóðsins er reiknað daglega á virkum dögum og birtist daglega á vef Íslandsbanka, www.islandsbanki.is og á vef Íslandssjóða, www.islandssjodir.is.

Reglur um verðmat eigna

Mat á eignum sjóðsins fer eftir 21. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Mat á eignum sjóðsins skal á hverjum tíma endurspeglar raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati Íslandssjóða, undir eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Íslandssjóðir skulu halda skrá yfir mat eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur við mat á eignum. Starfrækt er verðmatsnefnd innan Íslandssjóða.

Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini

Hlutdeildarskírteini sjóðsins er hægt að kaupa og innleysa hjá Íslandsbanka sem er staðsettur í Hagasmára 3, 201 Kópavogi eða í útibúum Íslandsbanka hf. á almennum opnunartíma, frá klukkan 9 til 16 virka daga. Einnig er hægt að eiga viðskipti og leggja fram pantanir í Netbanka Íslandsbanka á www.islandsbanki.is eða í smáforriti Íslandsbanka (e. *app*). Hlutdeildarskírteini eru einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta, kl. 15:00, eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum (T+2). Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta afgreiðast að þremur virkum dögum liðnum. Sjóðnum er þó

heimilt að afgreiða slíkar pantanir fyrr ef um mistök eða villu í kerfum er að ræða, að því skilyrði uppfylltu að afgreiðslan skaði ekki hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa sjóðsins.

Við kaup á hlutum í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er virði (gengi) hlutdeildarskírteina ekki þekkt fyrir en deginum eftir að kaupin áttu sér stað, sama á við þegar selt er í sjóðnum.

Sjóðurinn býður ekki upp á útgáfu hlutdeildarskírteina í formi rafbréfa og hlutdeildarskírteini eru ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Lágmarksfjárhæð viðskipta er 10.000 kr. og 5.000 kr. í áskrift.

Póknanir við kaup og sölu hlutdeildarskírteina

Póknun vegna viðskipta með hlutdeildarskírteini sjóðsins hjá Íslandsbanka, sölu- og dreifingaraðila sjóðsins, fer eftir vaxta- og verðskrá Íslandsbanka hverju sinni. Við kaup á hlutdeildarskírteinum greiðist upphafsgjald. Hámarkshlutfall upphafsgjalds sjóðsins er 0,5% og rennur það að fullu til söluaðila sjóðsins.

Söluaðila sjóðsins er heimilt að innheimta afgreiðslugjald sem rennur að fullu til söluaðila sjóðsins. Afgreiðslugjald skv. vaxta- og verðskrá Íslandsbanka er 1.000 kr. við útgáfu þessarar lýsingar.

Umsjónarlaun til rekstrarfélags, þóknun vörsluaðila og annar kostnaður

Fyrir rekstur IS Ríkissafns – ríkisskuldabréf og innlán greiðir sjóðurinn Íslandssjóðum hf. umsjónarlaun sem eru ákveðinn hundruðshluti af eignum. Í rekstri sjóðsins felast m.a. eignastýring sjóðsins, áhættustýring, umsýsla, þ.e. bókhald og lögfræðipjónusta, mat á verðmæti eigna, innra eftirlit, viðhald skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina, útgáfa og innlausn hlutdeildarskírteina, þjónusta við eigendur o.fl. Umsjónarlaun reiknast af meðalstöðu eigna. Umsjónarlaun sjóðsins eru 0,7% og eru innheimt mánaðarlega.

Íslandssjóðum er heimilt að gera skriflega samninga sem veita tilteknum lögaðilum sem fjárfesta í sjóðnum, s.s. lífeyrissjóðum og umsjónaraðilum séreignasparnaðar, afslátt af umsjónarlaunum sjóðsins.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í umsjónarlaunum og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Íslandssjóðir hf. geta krafist sjóðinn um endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfis, áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, endurskoðunar, aðkeyptrar lögfræðipjónustu, kostnaðar við prentun útboðslýsinga, ársreikninga o.fl. Kostnaðurinn er reiknaður inn í gengi sjóðsins. Nýjustu upplýsingar um viðvarandi gjöld er að finna í lykilupplýsingum sjóðsins.

Íslandssjóðir hf. hafa, í samræmi við ákvæði 22. gr. laga nr. 116/2021, samið við Íslandsbanka hf. um sölu hlutdeildarskírteina og þjónustu við viðskiptavini. Einnig hafa Íslandssjóðir hf., í samræmi við ákvæði VI. kafla laga nr. 116/2021, samið við Íslandsbanka hf. um að vera vörsluaðili sjóðsins. Hlutverk vörsluaðila er m.a. að varðveita fjármálagerninga sjóðsins. Fyrir þjónustuna greiða Íslandssjóðir hf. þóknun.

Fyrir vörslu eigna sjóðsins skal sjóðurinn greiða vörslugjöld til vörsluaðila skv. vaxta- og verðskrá Íslandsbanka en sjóðurinn hefur samið um 25% afslátt af innlendra verðbréfaeign og er þóknunin við útgáfu þessarar lýsingar 0,03375%. Vörslugjöld er reiknuð daglega inn í gengi sjóðsins. Ekki eru tekin vörslugjöld af innlánum eða lausu fé sjóðsins.

Annar kostnaður sem getur komið til er viðskiptakostnaður, miðlunarpóknanir og vextir. Sjóðurinn greiðir slíkan kostnað þegar hann fellur til. Kostnaðurinn er reiknaður inn í gengi sjóðsins.

ÍSLANDSSJÓÐIR HF.

Íslandssjóðir hf., kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 45/2020. Félagið er jafnframt með starfsleyfi fyrir eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf.

Íslandssjóðir hf., voru upprunalega stofnaðir árið 1994 (Rekstrarfélag VíB hf.), vegna rekstrar á Verðbréfasjóðum Íslandsbanka hf. Félagið sér um daglegan rekstur IS Ríkissafns – ríkisskuldabréf og innlán, sbr. 35. gr. laga nr. 116/2021, auk þess sér það um daglegan rekstur verðbréfasjóðanna og sérhæfðu sjóðanna IS Lausafjár safn, IS Veltusafn, IS Ríkisskuldabréf meðallöng, IS Ríkisskuldabréf löng, IS Skuldabréfasafn, IS Ríkisskuldabréf óverðtryggð, IS Sértryggð skuldabréf, IS Sértryggð skuldabréf VTR, IS Græn skuldabréf, IS Hlutabréfasjóður, IS Úrvalsvísitölusjóður, IS Heimssafn, IS EQUUS Hlutabréf, IS Eignasafn, IS Eignasafn – Ríki og sjóðir og IS Einkasöfn. Einnig reka Íslandssjóðir sérhæfða sjóði sem eingöngu má markaðssetja til fagfjárfesta. Hlutfélagssins er 25 milljónir króna og hefur það allt verið greitt.

Um eiginfjárgrunn Íslandssjóða gilda ákvæði 12. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og 15. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Auk þess er félagið með til staðar tilskilið eiginfjárgrunnsálag sem nær yfir áhættuna af tjóni vegna mögulegrar ábyrgðar. Endurskoðendur og Fjármálaeftirlitið hefur reglubundið eftirlit með að eiginfjárgrunnur uppfylli skilyrði laga. Eiginfjárhluftal félagsins er birt í árs- og hálfársreikningi hverju sinni.

Starfskjarastefna Íslandssjóða - samantekt

Íslandssjóðir hafa sett sér starfskjarastefnu sem skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma lítið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Íslandssjóðir leggja áherslu á að starfskjar stjórnmenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjar skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Samkvæmt stefnunni skal stjórnarmönnum greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins. Starfskjar framkvæmdastjóra skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi og ekki skal gera samning við framkvæmdastjóra sem felur í sér starfslokagreiðslur, umfram ákvæði ráðningarsamnings, kjarasamninga og skyldur samkvæmt lögum. Samningsbundinn uppsagnarfrestur framkvæmdastjóra skal ekki vera lengri en sex til tólf mánuðir. Íslandssjóðir skulu ekki gera samninga um kaupauka, þ.e. starfskjar sem eru skilgreind með árangri og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram. Ef stjórn félagsins hyggst taka upp kaupaukakerfi þarf áður að fá samþykki hluthafafundar. Ekki er til staðar kaupaukakerfi hjá Íslandssjóðum. Greint skal frá kjörum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í ársreikningi Íslandssjóða. Hjá Íslandssjóðum starfar starfskjaranefnd sem er skipuð a.m.k. tveimur mönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er m.a. að vera leiðbeinandi fyrir stjórn og framkvæmdastjóra um starfskjar félagsins. Upplýsingar um nýjustu starfskjarastefnu Íslandssjóða og samsetningu starfskjaranefndar eru aðgengilegar á vef félagsins: www.islandssjodir.is/um-islandssjodi/stjorn-og-undirnefndir/. Afrit af starfskjarastefnunni á pappír er aðgengileg fjárfestum án endurgjalds samkvæmt beiðni.

Útvistuð verkefni

Á grundvelli 22. gr. laga um verðbréfasjóði nr. 116/2021 hafa Íslandssjóðir hf. gert útvistunarsamning við Íslandsbanka hf. um að sjá um afmörkuð verkefni fyrir félagið, en nánar tiltekið er um að ræða verkefni skv. a., b., d., e., f., g., h., og i. lið 3. tölul. og 4. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna. Íslandsbanki hf. sér m.a. um markaðssetningu, útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina og aðra þjónustu við viðskiptavini. Fjármálasvið Íslandsbanka mun sjá um útreikning á innlausnarvirði og viðhalda skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina og uppgjör viðskipta.

Einnig sér Íslandsbanki um innheimtu umsjónarlauna og vörslubóknunar fyrir sjóðinn. Svið Regluvörslu og Innri endurskoðunar Íslandsbanka sinnir jafnframt ákveðnum eftirlitsþáttum fyrir félagið á grundvelli útvistunarsamninga.

Íslandsbanki hf. er fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002. Meginstarfsemi bankans er viðskiptabankastarfssemi til einstaklinga og fyrirtækja, lánveitingar og þjónusta við stærri fyrirtæki, eignafjármögnun, fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi og eignastýring. Bankinn er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Íslandssjóðir eru í eigu Íslandsbanka. Hagsmunaárekstrar geta hugsanlega komið upp þegar fjármálafyrirtæki og/eða starfsmenn þess þjóna hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og eru í aðstöðu til að láta einn aðila í betri aðstöðu á kostnað annars aðila. Í starfsemi fjármálafyrirtækja geta t.d. skapast kringumstæður þar sem hagsmunir viðskiptavinar, starfsmanna, fjármálafyrirtækisins eða sjóðs eru ekki þeir sömu. Íslandssjóðum og Íslandsbanka er skylt að grípa til allra sanngjarnra ráðstafana til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina Íslandssjóða. Dregið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra og virku eftirliti. Þjónusta útvistunaraðila er yfirfarin reglulega með endurskoðun útvistunarsamninga.

Útvistun Íslandssjóða á verkefnum hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð Íslandssjóða gagnvart verðbréfasjóði eða hlutdeildarskírteinis höfum.

Forsvarsmenn Íslandssjóða hf.

- Stjórnarmenn: Jensína Kristín Böðvarsdóttir, kt. 190369-4049, BA í auglýsingafræði, MBA
Kristján Björgvinsson, kt. 0906643019, viðskiptafræðingur M.Sc., löggiltur endurskoðandi
Sigurður B. Stefánsson, kt. 250247-4949, Ph.D. í hagfræði
Sylvía Kristín Ólafsdóttir, kt. 151280-4129, BS í iðnaðarverkfræði, M.Sc. í aðgerðar-rannssóknum.
- Varamenn: Jón Eðvald Malmquist, kt. 071074-4639, lögmaður
Hólmfríður Einarsdóttir, kt. 030972-2959, B.Sc. Business and International Marketing
- Framkvæmdastjóri: Kjartan Smári Höskuldsson, kt. 220380-4169, BA í sálfræði, MA í alþjóðaviðskiptum

Endurskoðendur Íslandssjóða hf.

Endurskoðendur Íslandssjóða og sjóðsins eru Ernst & Young hf., kt. 520902-2010, Borgartúni 30, 105 Reykjavík. Skyldur endurskoðenda eru m.a. óháð endurskoðun árs- og árshlutareikninga og framkvæmd könnunaraðgerða í tengslum við reikningana.

VÖRSLUAÐILI

Samkvæmt 43. gr. laga nr. 116/2021 skal rekstrarfélag tryggja að fyrir sérhvern verðbréfasjóð sem það rekur sé skipaður einn vörsluaðili. Vörsluaðili IS Ríkissafns er Íslandsbanki hf., kennitala 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Íslandsbanki hf. er fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002. Meginstarfsemi bankans er viðskiptabankastarfssemi til einstaklinga og fyrirtækja, lánveitingar og þjónusta við stærri fyrirtæki, eignafjármögnun, fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi og eignastýring. Ekki verður skipt um vörslufyrirtæki nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Skyldur vörsluaðila felast m.a. í því að vakta sjóðstreymi sjóðs, tryggja að allir fjármunir séu lagðir inn á reikninga sjóðsins, varðveita alla fjármálagerninga sjóðs, tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá

öðrum og að vörslureikningar séu í nafni sjóðsins svo að ávallt sé unnt að auðkenna að fjármálagerningar tilheyri sjóðnum. Jafnframt ber vörsluaðila að tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina fari samkvæmt lögum og reglum sjóðs, framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og reglur sjóðs, tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka og að tekjur verðbréfasjóðs séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart sjóðnum og fjárfestum hans á því þegar fjármálagerningur í vörslu hans glatast. Vörsluaðili ber jafnframt ábyrgð á öðru tjóni sem hann af ásetningi eða af gáleysi veldur sjóðnum eða fjárfestum hans við framfylgd verkefna sinna. Beri vörsluaðili bótaábyrgð gagnvart fjárfesti í sjóðnum getur bótakröfu fjárfestis verið beint að vörsluaðila af hálfu sjóðsins eða rekstraraðila fyrir hans hönd.

Vörsluaðila er óheimilt að sinna verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum á milli hans, sjóðsins, eigenda hlutdeildarskírteina eða Íslandssjóða nema vörsluaðili hafi með tilhlýðilegum hætti aðskilið framkvæmd og ábyrgð vörsluverkefna sinna frá öðrum verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum og að þeir mögulegu hagsmunaárekstrar séu greindir og vaktaðir og fjárfestar upplýstir um þá.

STEFNA UM FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

Íslandssjóðir hafa sett sér stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla sjóða í rekstri félagsins. Í stefnunni er að finna lista yfir aðila sem koma má pöntunum til. Stefnan er aðgengileg fjárfestum á vefsíðu félagsins, www.islandssjodir.is.

ÝMSAR UPPLÝSINGAR

Hvorki stjórnarmenn Íslandssjóða hf. né framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf. hafa fengið lán hjá félaginu, né hefur félagið gengist í ábyrgðir fyrir þá. Engir skilmálar eru í gildi um kaup stjórnarmanna og starfsmanna á hlutabréfum í félaginu eða á hlutdeildarskírteinum IS Ríkissafns – ríkisskuldabréf og innlán.

MARKMIÐ, FJÁRFESTINGARAÐFERÐ, FJÁRFESTINGARSTEFNA, EIGNA-SAMSETNING, ÁRANGUR, ÁHÆTTUÞÆTTIR O.FL.

Markmið, fjárfestingaraðferð og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með því að fjárfesta í ríkisskuldabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum ríkisskuldabréfum og í innlánum fjármálafyrirtækja

Fjárfestingarstefna og aðferð: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í innlánum fjármálafyrirtækja og skuldabréfum útgefnum af eða með ábyrgð ríkissjóðs, svo sem skuldabréfum útgefnum af ÍL-sjóði. Sjóðnum er heimilt, skv. 3. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021, að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 73. gr. laga nr. 116/2021 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta í fjármálagerningum tengdum skuldabréfum, þ.e. afleiðum, til þess að fastsetja hagnað eða draga úr áhættu sjóðsins en að hámarki 10% af heildareignum.

Fjárfestingatakmarkanir: Sjóðnum óheimilt að taka lán til að fjárfesta í skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum og skortselja fjármálagerninga.

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.

Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu

Eignaflokkur	Eign, % *)	Viðmið %	Lágm, %	Hámark., %
Skuldabréf og víxlar með ábyrgð ríkissjóðs	95,7	70	50	100
Innlán fjármálafyrirtækja	0	30	0	50
Afleiður	0	0	0	10
Laust fé	4,3			

* 31. október 2022

Traust verðbréf

Á grundvelli 70. greinar laga nr. 116/20201 hefur Fjármálaeftirlitið heimilað sjóðnum að fjárfesta allt að 100% eigna sinna í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem íslenska ríkið gefur út eða ábyrgist, enda talið að það samrýmist hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Fjárfestingar sjóðsins samkvæmt þessari heimild skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærrí fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins.

Áætlaður meðallíftími eignasafns

Áætlaður meðallíftími eignasafns IS Ríkissafns er 1 – 3 ár. Sjóðurinn fjárfestir í innlánum fjármálafyrirtækja og í skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði eða með ábyrgð ríkissjóðs.

Árangur

Ávöxtun sjóðsins reiknast út frá gengi sjóðsins og liggur fyrir í lok tímabils. Ávöxtun er m.a. háð þróun markaðsvaxta og verðbólgu. Hafa þer hugfast að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.


* Nafnávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Ríkissafn	-0,8	0,1	1,8	3,3	3,3

* m.v. 31. október 2022

* Raunávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Ríkissafn	-9,3	-6,3	-3,7	-1,6	-1,2

* m.v. 31. október 2022

Ársávöxtun síðustu ára



Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sjóðurinn hentar öllum fjárfestum sem vilja ávaxta fé í eitt ár eða lengur. Meðallíftími eignasafns sjóðsins getur verið á bilinu 1 til 3 ár, þannig að gengi sjóðsins er nokkuð næmt fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu og gengi sjóðsins getur lækkað tímabundið. Leitast er við að halda skuldaraáhættu í lágmarki þar sem eingöngu er fjárfest í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og innlánum hjá fjármálafyrirtækjum. Upplýsingar um áhættustig sjóðsins er að finna á lykilupplýsingum sjóðsins.

Fjárfesting í afleiðum

Sjóðnum er heimilt að nota afleiður til að fastsetja hagnað eða til að draga úr áhættu, eða til að festa verð á skuldabréfum vegna fyrirsjáanlegra innlausna hlutdeildarskríteina eða afborgana af skuldabréfasafni eða vegna markaðsaðstæðna enda sé það hluti af eignastýringu sjóðsins. Sjóðurinn notar afleiður í þeim tilgangi að draga úr áhættu eða minnka kostnað, með notkun afleiðna stefnir sjóðurinn að því að halda fjárfestingum sínum innan fjárfestingarstefnu sjóðsins. Helstu tegundir sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar, þar sem skuldabréf eru keypt eða seld framvirkt. Með framvirkum samningi skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi skuldabréf á ákveðnu verði í framtíðinni. Í framvirkum samningi felst markaðsáhætta og mótaðilaáhætta sem farið

er yfir hér í kafla um áhættupætti sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að eiga viðskipti með afleiður við gagnaðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Með vísan til 5. og 6. tölul. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021 er sjóðnum heimilt að eiga viðskipti með skráðar og óskráðar afleiður, enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á raunvirði hverju sinni.

Afleiður skulu ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins og notar sjóðurinn einfalda aðferðarfræði við beitingu afleiðna. Með því er átt við að afleiðustaða sjóðsins er umbreytt í samsvarandi stöðu í þeim undirliggjandi eignum sem felast í viðkomandi afleiðum. Tekið er mið af áhættu eignasafns sjóðsins í heild sinni þ.e. brúttó. Þar sem sjóðurinn notast við einfalda samninga eru undirliggjandi eignir gerðar upp á markaðsvirði (e. mark-to-market).

Áhættupættir sjóðsins

Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Einnig er gengi og ávöxtun sjóðsins háð þróun markaðsvaxta, því ef vextir hækka, falla skuldabréf með föstum vöxtum í verði. Fjárfesting í sjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum fjármálagerningum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í verðbréfasjóðum, þannig getur eignarhlutdeild í verðbréfasjóði rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra fjármálagerninga sem sjóðurinn fjárfestir í.

Áhættupættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum

- a) **Markaðsáhætta** – Ef ávöxtunarkrafa á markaði hækkar þá veldur það lækkun á eignum sjóðsins sem bundnar eru í skuldabréfum og að sama skapi ef ávöxtunarkrafa á markaði lækkar þá veldur það hækkun á eignum sjóðsins sem bundnar eru í skuldabréfum, þ.e. markaðsáhætta. Margvísleg atvik geta valdið verðlækkun á skuldabréfum og þar með haft áhrif á gengi sjóðsins. Meðal þeirra þátta sem hefur mikil áhrif á verð á skuldabréfum eru breytingar á framboði og eftirspurn á eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna sjóðsins ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast.
- b) **Seljanleikaáhætta / lausafjáraáhætta** – Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að markaðurinn hvorki kaupir né selur það magn verðbréfa á því verði sem til stendur að selja á þar sem t.d. kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.
- c) **Vaxtaáhætta** – Verðbréfasjóður þar sem samsetning eigna er að stærstum hluta í skuldabréfum hefur í sér fólgn vaxtaáhættu þar sem breytingar á vöxtum hafa áhrif á verðmyndun skuldabréfa. Hækki vextir á markaði, lækkar að jafnaði verð skuldabréfa á markaði.
- d) **Greiðsluáhætta** – Sú áhætta að útgefandi verðbréfa eða mótaðili greiðir ekki á gjalddaga eða á lokadegi innláns.
- e) **Uppgjörsáhætta** – Sú áhætta að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki upp með sama hætti og vænst var til, vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.
- f) **Vörsluáhætta** – Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörsluaðila.
- g) **Áhætta tengd smæð markaðar** – Íslenskur verðbréfamarkaður er smár í sniðum og á síðustu misserum hefur átt sér stað talsverð samþjöppun á markaði. Því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa

eru oft fáir og af þeim sökum getur verðmyndun á markaði orðið ógegnisæ og óvirkari en gerast myndi á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur er margir og dreifðir.

- h) Ytri aðstæður** – Ýmis atvik, svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á eignarhluti verðbréfasjóða.
- i) Verðbólguáhætta** – Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í verðtryggðum skuldabréfum. Verðtrygging skuldabréfaeignar sjóðsins lágmarkar þá áhættu sem fólgin er í hækkandi verðbólgu, en telja má að hættan á verðhjöðnun til lengri tíma sé óveruleg.
- j) Mótaðilaáhætta** – Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í afleiðum og er hætta á því að gagnaðili fjármálagernings uppfylli ekki ákvæði hans.

REGLUR FYRIR IS RÍKISSAFN – RÍKISSKULDABRÉF OG INNLÁN HS.

I. KAFLI - Heiti, tegund, deildaskipting og hlutverk

1. grein

Sjóðurinn heitir **IS Ríkissafn – ríkisskuldabréf og innlán hs. kt. 441208-9950**, og starfar í einni sjóðsdeild. Sjóðurinn er verðbréfasjóður og er rekinn í formi hlutdeildarsjóðs. Sjóðurinn starfar skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sækir fjárfestingarheimildir í IX. kafla fyrrnefndra laga.

II. KAFLI - Rekstrarfélag

2. grein

Íslandssjóðir hf., 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er rekstrarfélag sjóðsins skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

Ekki verður skipt um rekstrarfélag nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og staðfesting Fjármálaeftirlitsins á breytingum reglna sjóðsins þess efnis og svo framarlega sem að nýtt rekstrarfélag sjóðsins sé með starfsleyfi sem slíkt í skilningi laga nr. 116/2021. Tilkynna skal hlutdeildarskírteinishöfum ef breyting verður á rekstrarfélagi sjóðsins í samræmi við 13. gr. reglna þessara.

III. KAFLI - Markmið og fjárfestingarstefna

3. grein

IS Ríkissafn - Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með því að fjárfesta í ríkisskuldabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum ríkisskuldabréfum og í innlánnum fjármálafyrirtækja

Fjárfestingarstefna og aðferð: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í innlánnum og skuldabréfum útgefnum af eða með ábyrgð ríkissjóðs, svo sem skuldabréfum útgefnum af ÍL-sjóði. Sjóðnum er heimilt, skv. 3. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021, að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 73. gr laga nr. 116/2021 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta í fjármálagerningum tengdum skuldabréfum, þ.e. afleiðum, til þess að fastsetja hagnað eða draga úr áhættu sjóðsins en að hámarki 10% af heildareignum.

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.

Fjárfestingatakmörkin: Sjóðnum er óheimilt að taka lán til að fjárfesta í skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum og skortselja fjármálagerninga.

Sundurliðun fjárfestingarheimilda

Eignaflokkur	Viðmið, %	Lágm.,%	Hám.,%
Skuldabréf og víxlar með ábyrgð ríkissjóðs	70	50	100
Innlán fjármálafyrirtækja	30	0	50
Afleiður	0	0	10

Traust verðbréf

Á grundvelli 70. greinar laga nr. 116/2021 hefur Fjármálaeftirlitið heimilað sjóðnum að fjárfesta allt að 100% eigna sinna í skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði Íslands eða með ábyrgð hans, enda talið að það samrýmist hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Fjárfestingar sjóðsins samkvæmt þessari heimild skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærrí fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins.

IV. KAFLI - Vörsluaðili

4. grein

Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi er vörsluaðili sjóðsins sbr. VI. kafla laga nr. 116/2021 og sér um varðveislu og umsjá fjármálagerna sjóðsins samkvæmt samkomulagi þar um. Ekki verður skipt um vörsluaðila nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. á breytingum reglna sjóðsins þess efnis og samþykki Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna skal hlutdeildarskírteinisöfum ef breyting verður á vörsluaðila sjóðsins í samræmi við 13. gr. reglna þessara.

V. KAFLI - Þóknun rekstraraðila

5. grein

Umsjónarlaun til Íslandssjóða hf. fyrir rekstur sjóðsins er að hámarki ákveðinn hundradshluti á ári og reiknast af meðalstöðu eigna. Hlutfall umsjónarlauna miðast við heilt ár, en umsjónarlaun eru reiknuð daglega af meðalstöðu eigna inn í gengi sjóðsins.

Umsjónarlaun til Íslandssjóða hf. fyrir rekstur sjóðsins er að hámarki 0,7% á ári og reiknast af meðalstöðu eigna sjóðsins.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í umsjónarlaunum og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Íslandssjóðir hf. geta krafist sjóðinn um endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfis, áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, endurskoðunar, aðkeyptrar lögfræðipjónustu, kostnaðar við prentun útboðslýsinga, ársreikninga o.fl. Kostnaðurinn er reiknaður inn í gengi sjóðsins

Íslandssjóðum er heimilt að gera skriflega samninga sem veita tilteknum lögaðilum sem fjárfesta í sjóðnum, s.s. líffeyrissjóðum og umsjónaraðilum séreignasparnaðar, afslátt af umsjónarlaunum sjóðsins.

VI. KAFLI - Heimild til markaðssetningar sjóðsins

6. grein

Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt 26. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og hefur aðeins heimild til markaðssetningar á Íslandi.

VII. KAFLI - Ráðstöfun tekna, útgáfa, innlausnarvirði og innlausn

7. grein

Hlutdeildarskírteinishafar eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína.

Íslandssjóðir hf. gefur út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðnum í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því, sem eru staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins sbr. 39. gr. laga 116/2021.

8. grein

Íslandssjóðum hf. er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini sjóðsins að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á auglýstu innlausnarvirði í sjóðnum. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í sjóðnum, óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðs er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóður staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun skal ekki vara lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og hlutdeildarskírteinhöfum og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Frestun skal jafnframt auglýst opinberlega á heimasíðu Íslandssjóða. Að öðru leyti gilda ákvæði 61. gr. laga nr. 116/2021 um frestun innlausnar.

Við kaup á hlutum í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er sölugengi ekki þekkt fyrir en deginum eftir að kaupin áttu sér stað, sama á við þegar selt er í sjóðnum. Viðskipti með IS Ríkissafn – ríkisskuldabréf og innlán eru á (T+2). Nánari upplýsingar um innlausn og innlausnartíma er að finna í útboðslýsingu.

9. grein

Sjóðurinn er vaxtarsjóður, þ.e. ekki arðgreiðslusjóður. Tekjur af sjóðnum verða endurfjárfestar og endurspeglast í verði hlutdeildarskírteina.

10. grein

Innra virði sjóðsins er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum sjóðsins, svo sem við lánastofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Virði (gengi) hlutdeildarskírteina er innra virði sjóðsins deilt niður á heildarfjölda hlutdeildarskírteina. Virði hlutdeildarskírteina sjóðsins er reiknað daglega á virkum dögum og birtist daglega á vef Íslandssjóða.

VIII. KAFLI - Samruni, slit, breyting á reglum

11. grein

Sjóðurinn verður ekki sameinaður öðrum verðbréfasjóði nema að fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og í kjölfarið að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins hvað varðar innlendan samruna og að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds samrunasjóðs ef um millilandasamruna sé að ræða. Varðandi hvernig staðið skuli að samruna sjóðsins við aðra verðbréfasjóði þá gilda ákvæði X. Kafla laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, þar sem m.a. er kveðið á um umsókn um heimild til samruna, samrunaáætlun samrunasjóðs og yfirtökusjóðs, staðfestingu vörsluaðila, viðmiðanir við mat á eignum, upplýsingar til hlutdeildarskírteinishafa, réttindi hlutdeildarskírteinishafa, kostnað við samruna, gildistöku samruna, áhrif samruna o.fl.

12. grein

Sjóðnum verður ekki slitið nema að fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. á breytingum reglna sjóðsins þess efnis. Komi til slita sjóðsins skal koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda hluta í eigu þeirra. Íslandssjóðum er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa á sanngjarnan hátt (*e. in kind*). Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjörs sjóðsins sem er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn vörsluaðila til vörslu.

Tilkynna skal um slit sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis eða með rafrænum hætti. Einnig er heimilt að birta tilkynninguna í dagblöðum og á vefsíðu Íslandssjóða. Tilkynning skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og fyrirhugaða dagsetningu gildistöku slitanna. Tilkynna skal um slit sjóðsins til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 13. gr. reglna þessara.

13. grein

Stjórn Íslandssjóða hf. setur reglur þessar og getur breytt þeim á lögmætum stjórnarfundi ef meirihluti stjórnarmanna er samþykktur. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast gildi að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Breytingarnar skulu tilkynntar eigendum með bréfi eða með rafrænum hætti.

Kópavogur, 28. nóvember 2022

Stjórn Íslandssjóða hf.

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Kristján Björgvinsson

Sigurður B. Stefánsson

Sylvía Kristín Ólafsdóttir